

94 C Stjórnarfundur haldinn 10. febrúar 2016.

Fundargerð

Fundur haldinn hjá Alta, Ármúla 32 í Reykjavík, og í fjarfundi kl. 13:15 – 14:55

Fundarefni: Undirbúningur Vatnajökulsþjóðgarðs, vegna gagnagerðar fyrir opinbera stefnumótun við fjárlagagerð

Fundarstjóri: Ármann Höskuldsson, formaður stjórnar

Fundarmenn: Ármann Höskuldsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir (fjarfundur, í stað Heiðu Guðnýjar Ásgeirsdóttur), Óli Halldórsson (fjarfundur), Ruth Magnúsdóttir (fjarfundur) og Snorri Ingimarsson, öll í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri og Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta.

Fundarritarar: Þórður H. Ólafsson og Halldóra Hreggviðsdóttir.

Sent: Fundarmönnum og öðrum stjórnarmönnum.

Dagskrá

- Farið yfir forgangsröðun framkvæmdaverkefna hjá hverju svæðisráði; formenn fara yfir niðurstöður samtals svæðisráða.
- Forgangsröðun framkvæmdaverkefna fyrir allan þjóðgarðinn á listann til umhverfisráðuneytisins.
- Önnur mál.
- Næstu skref.

Um forgangsröðun verkefna

Þórður rifjaði upp aðdraganda þessarar vinnu. Lög um opinber fjármál voru samþykkt í þinglok í desember 2015, fremur óvænt. Umhverfisráðuneytið setur metnað í að vinna vel stefnumótun í kjölfarið fyrir sitt ráðuneyti. Stofnanir fá stuttan tíma til að prufukeyra ferlið í fyrsta sinn og fylla út gögn í þar til gerð eyðublöð sem Capacent hefur útbúið fyrir ráðuneytið. Gögnin sem nú liggja fyrir stjórn verða nýtt fyrir fjárlagagerð fyrir 2016. Strax í apríl – maí mun ráðuneytið taka vinnuna upp aftur fyrir 2017 – 2022. Þá gefst meiri tími til stefnu á grunni sömu gagna og liggja nú fyrir. Athyglisvert er að ráðuneytin vinna ekki eftir samræmdum gögnum, en umhverfisráðuneytið vonast til að sniðmát þess verði tekið upp hjá fleiri ráðuneytum í kjölfarið.

Rut fór yfir niðurstöður frá svæðisráði austursvæðis.

- Benti á að enn vanti stækkun þjóðgarðsins inni Stjórnunar- og verndaráætlun (S&V) og þar með tiltekin verkefni sem því tengjast. Hana þurfi að uppfæra. Agnes er að vinna í uppfærslu.
- Þau vilja koma upplýsingastöð í Möðrudal á Fjöllum, sem verið er að vinna að, inn í veigamikil framkvæmdaverkefni.
- Uppbygging við Snæfell og Krepputungu og brýr yfir Volgu og Blöndu. Verkefni sem þegar eru inni, eru einnig veigamikil verkefni.
- Annars er svæðisráðið sátt við verkefni og forgangsröðun þeirra.

Rætt var um framkvæmdasjóð ferðamannastaða og ókosti þess að það væri sjóðurinn sem forgangsráðaði framkvæmdaverkefnum í þjóðgarðinum, en ekki stjórn þjóðgarðsins. Einnig að óvissa ríkti um það hversu mikið fé sjóðurinn hefði og þá hve stór hluti þess færi til uppbyggingar í þjóðgarðinum. Mikilvægt væri að ákvarðanir og utnumhald þessa efnis færðust til stjórnar.

Óli fór yfir niðurstöður frá svæðisráði norðursvæðis.

- Benti á að svæðisráðinu þætti aðdragandinn að þessari vinnu of stuttur og gögnin ítarleg, en vinnan hefði gengið ágætlega og svæðisráðið væri sammála þeim veigamiklu verkefnum sem skilgreind hefðu verið.
- Áherslur væru á uppbyggingu í Ásbyrgi og bílastæði í kringum Gljúfrastofu.

- Afar mikilvægt væri að reisa gestastofu í Mývatnssveit.

Ármannt óskaði eftir því að svæðisráðið myndi hentuga lóð fyrir gestastofuna.

Ásta Begga fór yfir niðurstöður frá svæðisráði vestursvæðis:

- Svæðisráð er sammála fyrirbyggjandi gögnum varðandi þau veigamiklu verkefni sem skilgreind hefðu verið.
- Auk þeirra væri mikilvægt að bæta inn uppbyggingu þjónustustöðvar við Hrauneyjar, sem verið væri að vinna að með Landsvirkjun.

Björn Ingi komst ekki á fundinn og verður haldinn sérstakur fundur með honum í dag eða morgun til að heyra niðurstöður svæðisráðs suðursvæðis.

Nokkrir fundarmenn bentu á mikilvægi þess að þjóðgarðurinn fengi beina úthlutun fjár til uppbyggingarverkefna.

Ákveðið var að forgangsraða veigamiklum framkvæmdaverkefnum ekki frekar. Láta nægja að telja þau öll upp, en koma eftirfarandi skilaboðum á framfæri:

- Stjórn treystir sér ekki til að forgangsraða á milli veigamikilla framkvæmdaverkefna Vatnajökulsþjóðgarðs en orðið er, fyrr en hún hefur fjármagn til úthlutunar og þar með afl til að forgangsraða.

Ákveðið var að breyta forgangsröðun veigamikilla verkefna (innri innviða) þ.a. öryggis-, gæða- og umhverfismál væru sett á oddinn, síðan uppbygging innri innviða nr. 2 eins og áður og setja svo í kjölfarið gerð skipulagsstefnu og atvinnustefnu. Önnur verkefni fylgdu síðan í þeirri röð sem þau væru nú þegar.

Um breytingu á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð

Ármannt sagði frá því að stjórn muni fá tækifæri til þess á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður á Egilsstöðum í mars, til að leggja fram tillögur að breytingum við það lagafrumvarp sem nú liggur fyrir vegna Vatnajökulsþjóðgarðs. Ármannt lagði áherslu á mikilvægi þess að svæðisráðin nýttu vel tækifærið og undirbyggju tillögu að breytingum vel. Þarna gæfist um viku gluggi til breytinga.

Á fundinum munu verða f.h. ráðuneytisins þau Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri skrifstofu landgæða og Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur á sömu skrifstofu, sem haldið hefur utanum endurskoðun laganna f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Næstu skref

- Halldóra mun fyrir dagslok, uppfæra vinnuskjöl í samræmi við niðurstöður fundar.
- Ármannt og Þórður munu síðan fara yfir lokadrög á fundum á morgun 11. febrúar með Halldóru, áður en þau verða send til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir helgi.
- Stjórn og svæðisráð undirbúi vel umfjöllun um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð á næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið: 14:55

Símafundur var haldinn með Birni Inga Jónssyni, Ármanni Höskuldssyni, Þórði H. Ólafssyni og Halldóru Hreggviðsdóttur, 11. 2. 2016 frá 8:30 – 8:45. Farið var yfir niðurstöður vinnufundar stjórnar 10. 2. Björn Ingi kynnti n.st. samtals við svæðisráð suðursvæðis, sem kvað nálgunina skynsamlega.

Rætt var um að forgangsröðunin væri ekki meitluð í stein þ.a. tækifæru myndu gefast síðar til breytinga ef þörf yrði á.

Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að setja öryggismál í þjóðgarðinum á oddinn.